

Dalalæðan

1. tbl. 16. árg., 31. janúar 2003.



Ljós. K. Tømm.

Mosfellsdalur

Dýrðlegt er í Dalnum
umvöfnum fjallasalnum
þar eru:

Rósabændur og söngfuglar,
grautvíxlaðir graðfolar,
yxna kýr og ofvitar,
Nóbelsskáld og gullmolar,
frekjusvín og drykkjusvolar,
ljóðskáld og þurfalingar,
hestamenn og monthanar,
þingmenn og snillingar,
listamenn og letingjar,
klerkur, kirkja
ég er hættur að yrkja.

Ó.Þ.G.

Dalbúar fyrr og nú!

**Fjölmennum
á þorrablótið
í Hlégarði
laugardaginn**

1. febrúar.

Húsið opnar kl. 19.

Leiðari

Saga til næsta bæjar

Um þessar mundir stendur yfir ritun á sögu Mosfellssveitar og er verið unnið á vegum bæjarfélagsins. Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson rita söguna sem nær allt frá landnáms tíð til okkar daga.

Saga Mosfellssveitar er áhugavert viðfangsefni þar sem sjá má örlög íslensku þjóðarinnar í hnotskurn. Hér í sveit ríkti löngum kyrrstætt bændasamfélag, líkt og í öðrum byggðum landsins, en á 20. öld urðu geysimiklar samfélagsbreytingar sem lesendur hafa margir tekið þátt í með einhverjum hætti.

Ýmsir þættir í sögu sveitarinnar hafa mikið sögulegt gildi á landsvísu, má þar nefna iðnrekstur að

Álafossi, ylrækt, ævintýrið um Reykjalund að ógleymdum Dalbúanum Halldóri Laxness.

Samfara sögurituninni fer fram söfnun á alls kyns skjólum og ljósmyndum sem tengjast Mosfellssveit og eru þau gögn geymd í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar sem tók til starfa árið 2001. Þar eru til dæmis varðveitt skjalasöfn Guðmundar Þorlákssonar frá Seljabrekku og séra Magnúsar Þorsteinssonar sem var prestur á Mosfelli á öndverðri 20. öld.

Það er full ástæða til að hvetja alla Mosfellinga, fyrr og nú, að taka höndum saman við að byggja upp öflugt skjalasafn í Mosfellsbæ sem mun nýtast fólki í bráð og lengd.

Sagan okkar er gull í lófa framtíðar.

Bjarki Bjarnason.

Tannlæknastofa
Guðjóns S. Valgeirssonar
Urðarholti 4
Sími 566-6992

Hestaleigan
Laxnesi

Dalalæðan

1. tbl. 16. árg., 31. janúar 2003.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Guðrún Karlsdóttir, Gísli Snorrason og Nína Baastad.

Umbrot: Karl Tómasson.

Prentun: Ljósrit og prent.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merkisafmæli á árinu 2003

85 ára

Auður Laxness frá Gljúfrasteini, 30. júlí.

80 ára

Guðbjörg Sigurjónsdóttir í Reykjadal, 8. júní.

70 ára

Jón Helgi Hálfðanarson frá Mosfelli, 21. desember.

Ólafur Ingimundarson á Hrísrú, 22. nóvember.

60 ára

Helga Kristjánsdóttir í Reykjadal, 27. janúar.

50 ára

Björn Heimir Sigurbjörnsson frá Reykjahlíð, 24. ágúst.

Eggert Einarsson frá Skuld, 11. júlí.

Guðmundur Björn Thoroddsen á Laugabóli, 2. júní.

Hlynur Möller í Selholti, 23. febrúar.

Kristinn Már Hafsteinsson í Tjaldanesi, 20. desember.

Sigríður Jóhannsdóttir frá Dalsgarði, 19. maí.

Sigríður Rafnsdóttir Hraðastöðum 4, 15. mars.

Úrsúla Margrét Kristjánsdóttir frá Lundi, 29. júlí.

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki til hamingju.

Ferðapjónustan **FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**

Sími: 566-7098, 899-5198

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason

BÍLAVERKSTÆÐI
Guðvarðar og Kjartans
Önnumst allar almennar bílfrelðavíðgerðir,
jeppabreytingar, rennismál,
sprautun o.fl.



Fluguneyri 16 c. Mosfellshá
Sími 566 6257 Fars. 853 6057
Fax 566 7157

Jón Kristján Kjartansson

f. 23. mars 1953,
d. 10. nóvember 2002.



Kveðja frá Tjaldanesi

Góður vinur okkar er látinn, vinur sem var okkur kær og okkur er ljúft að minnast. Í daglegu tali var hann kallaður Kristján eða Stjáni en sjálfur vildi hann nota Jónsnafnið þegar hann kynnti sig.

Það er lán í lífinu að fá að kynnst manni eins og Kristjáni, einlægni hans og hjartahlýja var einstök. Kristján var félagslyndur og skapgóður, glettinn og skemmtilegur. Hann var sjálfstæður og vildi oft fara eigin leiðir og lét okkur vita ef honum fannst sér misboðið.

Kristján bjó á Tjaldanesi um 30 ára skeið. Hann hugsaði mikið um heilsuna og gerði leikfimisæfingar á morgnana, einnig fór hann oft út og skokkaði hér í nágrenninu. Kristján hafði gaman af ferðalögum og sérstaklega ef ferðast var í flugvél. Þeir staðir sem hann fór oft til voru Hrísey og Kanaríeyjar. Hann var duglegur og röskur til allra verka, bæði heima og að heiman. Hann þurfti að hafa eitthvað fyrir stafni og var oft ýmislegt að bardúsa. Undanfarin þrjú ár vann hann á vinnustofu heimilisins þar sem hann vann við þökkun fyrir ýmis fyrirtæki.

Vinir hans á Tjaldanesi kveðja hann með söknuði og þakklæti fyrir öll árin og samverustundirnar. Far þú í friði.

*Friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.*
(Valdimar Briem.)



Dalsgarður


- við gerum róslir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Öisli Jóhannsson rósaþóndi/rosetarmer
Dalsgarður 270 Mosfellsbæ Island
Símitel. +354 366 7490
Fax: +354 366 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@oisli.is



MF ÞJÓNUSTAN ehf.
Grænumýn 5b, 270 Mosfellsbæ
S: 566-7217, 854-0617 Fax: 566-8317



Vinnustofa Þóru á Hvirfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098.

Verksmiðju- rekstur í Mosfellsdal

Ekki fara miklar sögur af verk-smiðjurekstri í Mosfellsdal, hvorki fyrr né síðar, en þó komst hann í fjölmiðla árið 1995 þegar landabruggerksmiðja var gerð upptæk á ónefndum stað í dalnum. Bæjarblaðið *Sveitungi* greindi þannig frá þessum iðnrekstri:

Dalbúar eru slegnir yfir að hafa misst einu verksmiðju sína. Um var að ræða lífræna framleiðslu og mjög vistvænan iðnað. Þessi fullvinnsla á landbúnaðarafurðum sem þarna fór fram var dæmi um nýsköpun. En þegar einhver loks reynir að útvega unglingunum ódýrt áfengi er löggunni strax sigað á hann. Mistökinn sem þessir athafnamenn gerðu var að sækja ekki um lögþýlisrétt.




Birta

Úra- og skartgripaverzlun
Kjarnanum Mosfellsbæ

Heimabjálfun
Monique
s. 899-8456

Reykjabúið

Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 6800



Linga Blau.
GALLERÍ

Álafossvegi 18, sími. 566-8081.

Absalon hársnyrtistofa Urðarholti 4.
Sími. 566-8500

SS Gíslason Viðgerðir h.f.
Smiðshöfði 11 Sími 587-2060



Búnaðarbankinn

Jóhann beri



Teikning af Jóhanni bera sem birtist í bókinni *Prettán rifur ofan í hvatt* eftir Jón Helgason.

Í skáldsögunni *Heimsljósi* eftir Halldór Laxness er sagt frá fræðagrúski Ólafs Kárasonar Ljósvíkings sem ritaði meðal annars sagnapættina *Einkennilega Menn*. Þar greinir Ólafur frá Jóhanni bera sem ferðaðist fáklæddur um landið í álögum. Hann fór „flóttamaður milli landsfjórðunga ásóttur af myrkraverum; skyldu þær rífa af honum hverja spjör svo ekki biði á honum riðanda ræxn,“ segir í sögunni.

En hver var Jóhann beri, hugarsmið Ólafs Kárasonar eða Halldórs Laxness? Ekki er því svo farið, hann hét fullu nafni Jóhann Bjarnason, fæddist árið 1829 og var landspektur umrenningur á ofan-

verðri 19. öld. Jóhann var Húnvetningur að uppruna og átti snemma við andlega vanheilsu að stríða sem að einhverju leyti mátti rekja til ástamála hans. Hann var bóndi um hríð en flosnaði upp, lagðist í flakk og eignaði um byggðir landsins um 40 ára skeið, m.a. mikið um Kjósarsýslu. Víðast mætti þessi auðnuleysingi skilningsleysi samferðafólks sem reyndi að losna við hann sem fyrst ef hann kom á bæi. Jóhann beri kom alloft að Laxnesi og Halldór Laxness þekkti vel til sögu hans þótt fundum þeirra hafi ekki borið saman en Jóhann lést norður í Svarfaðardal árið 1907. Halldór færði þennan umrenning hins vegar til í tíma og aðlagði persónuna skáldsögu sinni Heimsljósi.

Eyjólfur Guðmundsson, sem kenndur var við Hvol í Mýrdal, ólst upp í Laxnesi að hluta og ritaði margar skemmtilegar frásagnir sem tengjast Mosfellsdal, einkum í bókinni *Lengi man til lítilla stunda* (útg. 1948). Hann segir þannig frá Jóhanni bera (bls. 168-169):

Það heyrðist sagt, að óhugnanlegur umrenningur væri á rölti í nágrenninu. Nefndur var hann „Beri maðurinn“. Hann gekk allsber og valdi sér sjálfur rúm, þar sem hann gisti. Hann var vita-meinlaus, en allir héldu, að hann væri eltur af draugum, sem tættu af honum fötin. Ýmsir færðu hann í föt, en strax höfðu þau verið tætt af honum. Það var víða, að kvenfólki stóð geigur af honum, er hann

ranglaði heim á bæi, þar sem karlmenn voru allir að heiman.

Góðan veðurdag um sláttinn, þegar fólkið í Laxnesi sat að miðdagsverði og vel lá í öllum, var baðstofuhurðinni þokað upp, svona hægt og hægt. Þar var Jóhann beri kominn. Hann beygði sig inn í dyrnar og færðist loks allur inn í baðstofuna, en fólkið glápti undrandi á hann og missti matarlystina.

Hann var þreklega vaxinn, herðamikill, fótstór og vöðvaslappur, með hæstu karlmönnum og höfuðlangur, berhöfðaður með úfið hár, berfættur og hingu buxnaslitur niður um lendar og lærin, en allsber um brjóst og bak. Hann kastaði ekki kveðju á neinn, en skyggndist eftir rúmi, sem hann gæti tyllt sér á. Einhver stóð upp frá honum, og lagði hann sig endilangan í það rúm, en vinnukonan átti það.

Þó við áttuðum okkur óðara á, hver maðurinn var, brá okkur samt nokkuð við. Þetta var svo óvenjulegt að sjá. Tíndust flestir brátt út og til vinnunnar, en ég virti bera manninn fyrir mér og reyndi að fá hann til að tala. Hann bað þá um að borða, en benti oftast til svars því, er um var spurt. Hann var heldur orðinn holdgrannur og liðamótamikill, hár og skegg vaxið eins og óræktað fax og loðnar skellur víða

um kroppinn, svo hann leit út líkt og flekkóttur sauður. Hann þáði ekki hníf til að borða með og ekki spón, fór þó ekki neitt hámslega að matnum, en skoðaði hvern bita vel, og viðbitið geymdi hann þangað til síðast.

Einhvern veginn kom faðir minn honum í rúm fyrir utan baðstofustafninn í norðurbaðstofunni, og þar hélt hann til tvær nætur. Út fór hann um miðnætti og var lengi úti. Ég fékk að færa hann í nýja skyrtu og utanyfirbuxur. En eftir síðari nóttina var sá fatnaður kominn í hengil. Fór hann þá og þýddist enga aðstoð. „Það þýðir ekki,“ sagði hann, þegar ég klæddi hann í fót, og það sáuðum við, að var líka orð að sönnu.

Nokkru síðar kom hann aftur, og hingu þá á honum flíkur nokkuð heillegar, þó víða rifnar. Hann talaði þá fleira og sagðist vera í álögum. Og það heyrðist sagt, að vegna misferla í ástamálum kæmi þessi skelfing yfir hann, og mátti segja, að þessi sterki maður hafi orðið að sæta „alvarlegum átökum“.

Þetta var frásögn Eyjólfssonar á Hvoli um heimsókn Jóhanns bera að Laxnesi seint á 19. öld. Þess skal að lokum getið að Jón Helgason ritaði á sínum tíma bók um ævi og örlög Jóhanns sem heitir Þrettán rifur ofan í hvatt, útg. 1972.

Dalalæðan

Stjórn Víghóls hefur ákveðið að fjölfalda gamla árganga af Dalalæðunni og bjóða til kaups.

Hægt verður að fá einstök tölublöð eða alla árganga blaðsins.

Hafið samband við Gógó í Sigtúni í s. 566 6322.

Gamlar ljósmyndir

Seint verður ofmetinn sá fjársjóður sem fólgin er í gömlum ljósmyndum, þær hafa geysimikið heimildagildi og segja oft lengri sögu en mörg orð.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar var opnað í Kjarna árið 2001 en eitt verkefna þess er að veita viðtökum ljósmyndum sem tengjast sögu sveitarinnar. Allmargir hafa brugðist vel við og komið færandi hendi með myndir í safnið og nútímataekni gerir það að verkum

að hægt er að skanna þær inn og varðveita í tölvutæku formi þannig að fólk þarf ekki að láta frumeintök myndanna af hendi.


Herdís og Hreinn í Helgadal eru meðal þeirra sem afhent hafa ljósmyndir í héraðsskjalasafnið og eru myndirnar hér á opnunni komnar úr þeirra fórum. Fólk er hvatt til að fara að dæmi þeirra, hægt er að hafa samband við Sólveigu Magnúsdóttur héraðsskjalavörð eða Bjarka Bjarnason á Hvirfli.



Saumaklúbbur kvenna í Mosfellsdal á hestbaki, talið frá vinstri: Birta Fróðadóttir í Dalsgarði, Guðbjörg Sigurjónsdóttir í Reykjadal, Hlíf Gunnlaugsdóttir á Æsustöðum, Svava Elíasdóttir í Víðigerði, Hólmfríður Guðvarðardóttir á Grund, Guðjóna Benediktsdóttir á Norður-Reykjum, Salome Þorkeldsdóttir í Reykjahlíð, Ólafía Andrésdóttir á Laugabóli, Kristín Árnadóttir á Varmalandi, Jensína Magnússon í Árvangi og Guðbjörg Kristjónsdóttir í Reykjadal. Myndin er líklega tekin 1967 eða 1968, Norður-Reykir í baksýn.



Ungir Dalbúar staddir á Æsustöðum um 1948, talið frá vinstri: Andrés Ólafsson Laugabóli, Erlingur Ólafsson Laugabóli, Þórir Ólafsson Varmalandi og Þuríður Hjaltadóttir Æsustöðum. Krakkarnir voru á leið í berjamó með fötur og heimasmiðaðar berjatínur.



Bærinn í Bringum en þar var búið fram á 7. áratug síðustu aldar. Myndina tók Herdís Gunnlaugsdóttir skömmu áður en bærinn var jafnaður við jörðu árið 1971.

Heimasmiðaður hestvagn, Grímannsfell og Æsustaðafjall í baksýn. Fullorðni maðurinn á myndinni er Indriði Gunnlaugsson sem lengst af bjó í Víðigerði.



Daladul

Dularfulla kattarhvarfið


Í Dalalæðunni hefur í nokkur skipti verið sagt frá dulrænum fyrirbrigðum sem tengjast Mosfellsdal og hafa þættirnir gengið undir nafninu *Daladul*. Að þessu sinni verður sagt frá kettinum Dísu sem hvarf frá Bringum árið 1932 en gerði óvænt vart við sig hjá miðli. Frásögnin er höfð eftir Sigríði Steffensen og birtist í bók Elínborgar Lárusdóttur *Forspár og fyrirbæri* sem kom út árið 1957, (sjá bls. 83-86):

Í júlímánuði 1932 fór ég að Bríngum í Mosfellssveit og var ætlun mín að hafa þar sumardvöl. Ég svaf í tjaldi skammt frá bænum og hafði tvo ketti, sem ég átti, hjá mér. Eldri kötturinn undi sér sjáanlega illa. Fór svo að lokum að hann hvarf 26. júlí. Ég leitaði hans nær og fjær um langan tíma. Sú leit bar engan árangur, og flutti ég því í bæinn, fyrr en ég ætlaði mér í fyrstu, preytt og sárleið yfir hvarfi kattarins. Ég lét auglýsingu í blöðin og hét þeim verðlaunum, sem fyndu köttinn og skiluðu honum til mín.

Mér hafði áður gefist vel að leita til miðla undir slíkum kringumstæðum. Ákvað ég að reyna þetta einnig nú. Þá var það kona hér í bæ, sem gaf mér nafn og heimilisfang Kristínar Kristjánsson. Ég hafði þá aldrei séð hana og ekki vissi ég heldur um dulhæfileika hennar. Frá

Þessari konu fór ég beina leið til Kristínar og bað hana að grennslast eftir því, hvar kisa mín mundi vera niðurkomin.

Kristín tók mér vel og virtist ekkert furða sig á þessari beiðni. Hún sat þægjandi góða stund og horfði í gaupnir sér og sagði svo: „Þú skalt ekkert vera hrædd um köttinn. Hann er lifandi og situr nú



Kort af ofanverðum Mosfellsdal. Leið kattarins Dísu er merkt með svartri línu.

utanvert í einu holtsbarði. Það rennur smá á eða lækur þarna nálægt.“ Fleira sagði hún mér ekki að þessu sinni.

Nokkrum dögum síðar heimsótti ég Kristínu aftur. Hún sagði mér þá, að hún hefði séð kisu mína kvöldið áður.

„Hún er búin að eignast þrjá kettlinga. Tveir eru ólíkir á lit en einn er hvítur á trýninu. Það er nokkuð hrjóstugt kringum holuna, sem hún kúrir sig í. Stór steinhella rís þar upp á rönd, einnig sé ég þarna lágan kofa með torfpaki skammt frá.“

Mikið óskaði ég þess, að Dísu mín væri komin heim með litlu kettlingana sína, en það nafn gaf ég kisu minni og gegndi hún því, er ég kallaði á hana. Mig furðaði ekkert, þótt einn kettlingurinn hefði hvítan blött á trýninu. Það hafði móðirin líka. Um það vissi Kristín ekki. Hún hafði aldrei séð köttinn, nema gegnum sýn andans. Ég gat ekki rengt hana. Bæði lýsti hún kettinum, svo að ekki varð um villzt, og svo vissi ég að Dísu var með kettlinga. ...

Leið svo tíminn að ekki frétti ég neitt af Dísu minni fyrr en liðið var á haustið. Þá frétti ég um óskila kött, sem væri á Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Þarna kom Dísu loks í leitirnar. Bóndinn á Skeggjastöðum hafði séð hana úti við. Var henni gefið og hændist hún þarna að. Ég fór upp eftir að sækja hana og greiða fundarlaun, sem voru lambsverð. Ekki voru neinir kettlingar með henni. Varð enginn var við þá, en ég sá strax, að hún hafði gotið, enda var hún mögur og illa útlitandi. Varð ég alls hugar glöð og fór með hana heim til mín. Áreiðanlega þekkti hún mig og varð fegin að vera komin í sitt gamla umhverfi.

Þannig rættist það, sem Kristín sagði, að Dísu væri lifandi. Kettlingarnir fundust aldrei, svo að ekki verður vitað, hvort Kristín lýsti þeim rétt. Enginn er heldur til frásagnar um það, hvort kisa sat utanvert í melbarði eins og Kristín sagði, en ekki er það ótrúlegt.



ÞAD
SEM
TIL
ÞARF

Guðjón Haraldsson
Mæðing 1-4
270 Mosfellsbæjar
Sími 566 6279
Kl. 260326-3440

VG

VÉLALEIGA
Guðjóns
Haraldssonar
FLUGUMYRI 10
270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 566 7179
GSM 896 6279
& 896 3443

ÁLAFOSS
VERKSMÍÐJUSALA

Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 10-14
Sími: 566-6303 Fax: 566-8330
Verið velkomin

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu Dalalæðunnar:

Gróðrarstöðin Laugaból.
Auður og Ómar Laugabóli II.
Snyrtistofa Guðlaugar, s. 695 4654.
Hildur og Örn á Laugabakka.
Reykjahlíðardrottningin, Gallerí Voff.
Salome og Jóel í Reykjahlíð.
Signý og Jón á Furvöllum.
Jóhanna á Dalsá.
Kolbrún og Pétur á Brávöllum.
Elín og Ingimundur á Breiðufit.
Anna og Gísli í Brekkukoti.
Þóra og Bjarki á Hvirfli.
Bára og Páll Hraðastöðum 5.
Jenný og Guðni í Fagrahvammi.
Guðrún í Brennholti.
Sigga og Rabbi Hraðastöðum 4.
Seljabrekka.
Rafn Harðarson á Skeggjastöðum.
Bonni á Skeggjastöðum.
Helga og Logi í Selvangi.
Eygerður og Jóhannes Hraðastöðum 1.
Nína og Bjarni Hraðastöðum 6.
Sylvía Rut á Vindhóli.
Duna og Dóri í Melkoti.
Auður frá Gljúfrasteini.
Fjölskyldan í Túnfæti.
Klara og Bjarni Hraðastöðum 3.
Þórhildur og Sigurður í Hátúni.

Berglind og Fannar á Hrutafelli.
Herdís og Hreinn í Helgadal.
Lovísa og Magnús á Hraðastöðum.
Herdís og Björn í Brautarholti.
Íris og Haukur á Skeggjastöðum.
Sigríður frá Jónstóft.
Guðrún og Björn í Grásteinum.
Sigríður og Jón á Mosfelli.
Ólöf og Helgi í Hlöðunni.
Guðlaug Sigurðardóttir frá Reykjadal.
Guðbjörg og Sigurður í Reykjadal.
Svava og Sigtryggur í Víðigerði.
Þuríður og Skúli á Röðli.
Unnur og Jón á Æsustöðum.
Júliana og Gísli Dalsgarði 2.
Helga og Rúnar á Norður-Reykjum.
Magnús Ólafsson á Víðihóli.
Guðrún Jóhannsdóttir í Skuld.
Erna og Stefán í Árvangi.
Bryndís og Reynir á Víði.
Hólmfríður og Andrés á Hríbrú.
Úrsúla og Þórður frá Lundi.
Ásgerður og Ólafur á Hríbrú.
Helga og Erlingur í Reykjadal.
Halla og Hákon í Dalsgarði.
Guðrún og Sigurður í Sigtúni.
Guðrún og Valur á Minna-Mosfelli.

Bestu þakkir fyrir stuðninginn!

**Ef brottfluttir Dalbúar hafa hug
á að styrkja útgáfu blaðsins geta
þeir lagt framlag sitt inn á
bankareikning Víghóls
nr. 0315-13-841502.**

Minjar í Mosfellsdal

Myndbandið *Minjar í Mosfellsdal*, sem tekið var upp sumarið 1998, er til sölu hjá formanni Víghóls og kostar 1800 krónur. Hafið samband við Gógó í síma. 566 6322.

BRÚN

Bílaviðgerðir járnsmíði.
Símar: 566-7363 og
897-0630.

**Umfelgum og seljum ódýr
dekk fyrir Dekkjalagerinn.**

Guðvarður Hákonarson

f. 10. desember 1946,
d. 15. mars 2002.



Guðvarður Jóhann Hákonarson fæddist í Reykjavík 10. desember 1946. Foreldrar hans voru Hákon Jóhannsson (1913-1967) og Hólmfríður Guðvarðar-

dóttir (f. 1922.) Systur hans eru María (f. 1949) og Elsa (f. 1956.)

Guðvarður, eða Guttu eins og hann var alltaf kallaður, ólst upp hjá foreldrum sínum að Grund í Mosfellsdal. Hann fór ungur út á vinnumarkaðinn og vann ýmis störf í byrjun, en snemma fóru störf hans að snúast um aðaláhugamál hans sem voru bílar og mál þeim tengd.

Árið 1966 kvæntist Guðvarður Ernu Björgu Kjartansdóttur (f. 1947), börn þeirra eru: Hákon (f. 1967), Kjartan (f. 1968), Ósk (f. 1974) og Ingólfur (f. 1977).

Þegar faðir Guðvarðar lést keyptu þau hjón Grund af móður hans og rak hann þar bílaverkstæði allt þar til fyrir fáum árum að þau Erna seldu Grund og fluttu í miðbæ Mosfellsbæjar. Ennfremur reistu þau þá nýtt bílaverkstæði í Mosfellsbæ og starfræktu það í samstarfi við syni sína.

Frá árinu 1981 starfaði Guttu með Kiwanisklúbbnum Geysi í Mosfellsbæ, var hann ætíð áhugasamur um starf klúbbsins og m.a. forseti klúbbsins tvisvar sinnum. Guttu var ennfremur félagi í Björgunarsveitinni Kyndli, Húsbílafélaginu og Ferðaklúbbnum 4 x 4.

Guttu hafði sterkar taugar til Mosfellsdals þar sem hann ólst upp og eyddi stærstum hluta starfsævi sinnar. Hann var ókrýndur brennukóngur Dalbúa og lét sig aldrei vænta á gamlárskvöld til að bera eld að bálkestinum. Á aðalfundi Víghóls síðastliðið haust risu fundarmenn úr sætum og minntust látins nágranna og vinar.

(Byggt á minningargreinum úr Mbl.)



ÍSLANDBANKI

Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími: 440-3160.



Fornar leiðir á Mosfellsheiði

Margt er orðið fjarlægt okkur í tíma en vart í rúmi. Á tímum hraðans er ekið úr Mosfellsdal og áfram austur í Þingvallasveit, framhjá miklu heiðarflæmi í suðri. Ferð, sem nú tekur aðeins tæpa klukkustund, var oft ekki farin nema að ætla sér heilan dag til þess. En sumir komu ekki aftur af Heiðinni, þeir urðu úti í byljum og vályndum veðrum. Kannski að þessar gömlu frásagnir fæli margan nútímamanninn frá því að ferðast um þessar slóðir, annaðhvort fótgangandi, ríðandi, skíðandi og jafnvel hjólandi.

Frá Faxaflóasvæðinu voru ýmsar leiðir austur um Mosfellsheiði. Ef byrjað er syðst, þá var leið frá Elliðakoti, sem skiptist fljótlega er austur var komið, var önnur um Kolviðarhól og áfram yfir Hellisheiði. Hin leiðin var norðanmegin við Lyklafell og áfram um Dyrafjöll. Þessi síðarnefnda leið var nefnd Dyravegur og var einkum farin af Skálholtsmönnum fram undir lok 18. aldar. Var mikil birgðageymsla biskupsstólsins í Dráttarhlíð sunnan Þingvallavatns, nokkurn veginn þar sem efsta rafstöðin við Sogið, Steingrímsstöð, er nú.

Þá voru tvær leiðir frá Miðdal, sú eldri eftir Seljadal en skömmu fyrir aldarmótin 1900 var rudd leið frá Geithálsi austur með Seljadalsbrúnum, yfir Háamel vestan við Borgarhóla og áfram austur til Þingvalla. Á þessari leið var byggt sæluhús, allreisulegt og má sjá mynd af því á gömlum póstkortum. Þessi leið gengur almennt undir heitinu Gamli Þingvallavegurinn. Mjög var vandað til þessa vegar eins og sjá má þó að mannvirki hafi látið á sjá, hleðslur, vörður, ræsi og brýr niðurfalnar.

Nyrsta leiðin var svonefnd Stardalsleið sem var upp með Leirvogsánni sem tók sveig norður með Sauðafelli austur með

Stíflisdalsvatni að sunnanverðu og áfram austur ofan Kárastaða og Brúastaða og var komið niður svonefndan Langastíg niður um norðanverða Þingvelli.



Gömul gluggavarða á Mosfellsheiði. Ljós. Guðjón Jenson.

Úr Mosfellsdal voru tvær leiðir og voru þær tengdar selför frá Mosfelli á fyrri tíð: syðri leiðin var um Bringur en hin var dálítið norðar. Munu þær hafa legið sitt hvoru megin við Geldingatjörn. Þessar leiðir voru gamlar leiðir að Mosfellsseli, rétt innan við Illaklif, og Jónsseli sem var skammt ofan við Seljabrekku. Þá var sel neðan við Helguvoss. Þessar leiðir munu hafa komið saman austur og sunnan við Leirvogsvatn. Á þessari leið eru örfáar vörður og er ein þeirra sérstaklega merkileg. Er hún byggð þannig, að stór op eða n.k. gluggar eru til allra höfuðátta! Varðan minnir í útliti dálítið á Eiffeltúrninn í París. Ekki hefur verið vandalaust að hlaða vörðu þessa sem er um klukkutíma gang austur af Leirvogsvatni. Nokkurn veginn rétt stefna þaðan í austur er á Kálfstinda.

Um háltímagang frá gluggavörðu þessari er komið að dálitilli brekku og uppi á brúninni er allmikil grjóthruða ofan á dálitlum hól. Þar sem ég hef aldrei komið áður að stað þessum, öðruvísi en að vetrarlagi, hefur ekki gefist tækifæri til að skoða hugsanlegar hleðslur. En að öllum líkindum er um gömlu sæluhúsatóftina að ræða, sem mörgum hefur hulist hvar verið hefur.

Gamla sæluhúsatóftin er um 3 metrar á breidd en 4 á lengd. Lætur nærri að jafnlangt sé þaðan norður á núverandi þingvallaveg og suður að Gamla þingvallaveginum við gömlu brýnnar. Þó er leiðin í norður eitthvað drýgri þar sem taka verður sveig vegna tjarnar sem er skammt sunnan við akveginn.

Í lýsingu Árnessýslu frá árinu 1842 eftir Pál Melsteð sýslumann, síðar amt-mann segir:

Í sumar er var, var byggt nýtt sæluhús á miðri Mosfellsheiði af þingvallar- og Mosfellsveitarinnbúum. En eftir er enn þá að ryðja og varða vel heiðina, sér í lagi að austanverðu og mun á því verða byrjað að sumri komanda. (Sjá Landnám Ingólfs (eldra safn) II.bindi, bls. 40.)

Þetta gamla sæluhús var lengi tengt ýmsum sögum, einkum þótti þar reimt mjög. Er sagt að þrír menn hafi orðið þar úti þar skammt frá og gangi allir aftur.

Guðjón Jensson.

Árangurinn lætur ekki á sér standa. Það er sannað 100% af læknum. Ég hafði lengi reynt ýmsar gervileiðir. Þessi virkar 100%, maðurinn minn er alsæll. 65% trúnaður. Hef sótt námskeið og farið á margar kynningar hjá vinkonum. 95% líkur. 85% á öllu öðru.

Alma Þ.G. Óskars. Sími: 566-7

Hlégarður

 **VEISLUGARÐUR**
Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

★ ★ ★
SNÆLAND
VIDEO
★ ★ ★

Bello

Hársnyrtistofa

Háholti 14 2.hæð
Sími: 586-8989



Mosfellsbakari
Konditor

Útdarholte 2 · 270 Mosfellsbær · Sími 566 6145 · Fax 566 6308

Hlín Blómahús

Mosfellsbær

Kaffi **PIZZA 6**

Annáll ársins 2002

Þorablót

Þorablótið var haldið 9. febrúar í Fólkvangi. Mættu þar vel á annað hundrað manns í góðan mat sem Magnús Níelsson á Blikastöðum sá um. Brak og brestir tóku á móti gestum af sinni alkunnu snilld. Birgir Sig. var að venju með sinn árlega annál og Örn Árnason lét gesti gráta af hlátri. Gott blót og allir komust aftur heim.

Gróðurdagur

Gróðurdagur féll niður, en ferfætlingar sáu um slátt og áburð þetta árið.

Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Bakkakoti 12. nóvember sl. og var vel mætt. Jesse



Jesse Byock flytur fyrirlestur sinn á aðalfundinum.

Byock fornleifafræðingur greindi þar frá rannsóknum á fornminjum í Mosfellsdal, var það mjög

fróðlegt og skemmtilegt. Formaður félagsins, Auður Eiríksdóttir, gaf ekki kost á sér lengur í stjórn og ekki heldur Valur Þorvaldsson. Gísli Snorrason situr áfram í stjórn og Nína Baastad og Guðrún Karlsdóttir (Gógó) koma nýjar inn.

Við þökkum Auði og Val fyrir stjórnarsetu. Auður var búin að vera formaður í 13 ár, og þakka Dalbúar henni mikið og gott starf í þágu dalbúafélagsins Víghóls.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar sem haldinn var í lok nóvember skipti stjórnin þannig með sér verkum: Guðrún í Sigtúni (Gógó) er formaður, Nína á Hraðastöðum er gjaldkeri og Gísli í Brekkukoti er ritari.

Áramótavarðeldur

Áramótavarðeldur var tendraður á gamlárskvöld og logaði glatt við undirleik Braks og bresta. Gutta og Ernusynir sáu um íkveikjuna. Eru þeir Hákon, Kjartan og Ingólfur æviráðnir í það starf. Óvæntir, en mjög svo velkomnir gestir, mættu hinu megin árinna með stórglæsilega flugeldasýningu. Takk fyrir það.

Sjáumst á þorablótinu.

Gógó Karls.